

10. flokkur. Gjald krónur 1.00 kr. teningsfet:  
Brotfluttar vörur, er reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald krónur 4.00 pr. tunnu.  
Saltsíld í tunnum, hrogn og aðrar útfluttar afurðir í tunnum.
12. flokkur. Gjald krónur 7.00 pr. 100 kg:  
Útflutt skreið.

*Aflagjöld:*

13. flokkur. Gjald krónur 2.50 pr. 100 kg:  
Sjávarafli, lagður á land, slægður og óslægður, þar með talin síld í bræðslu, salt og frystingu.

Fiskkaupandi eða verkandi afla er ábyrgur fyrir hafnargjaldinu.

4. gr.

36. gr. (nú 34. gr.) orðist þannig:

Ef menn fá útmældar lóðir til bráðabirgðanotkunar af lóðum þeim, sem höfnin hefur umráð yfir, greiðir sá, sem afnot slíkrar lóðar fær, krónur 3.00 fyrir hvern fermeter á ári. Ársleiga fyrir bílavog er krónur 1000.00, og fyrir benzín, oliutanka og dælur kr. 1000.00 á ári fyrir hvern. Gjaldalagi er 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu  
nr. 208 30. nóvember 1960.

12. gr. orðist svo:

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Fyrirtæki, svo sem sláturhús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- Aðrir, sem vatn fá frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónum, en af þeim húsum, sem metin eru herra, sé skatturinn 2%.

Auk þess skal greiða fastagjald, 400.00 krónur, fyrir öll hús, sem fá vatn frá veitunni. Þó skal gjald fyrir gripahús, eigi vera herra en 200.00 krónur.

Bílskúrar og önnur þau smáhús innan lóðarmarka, sem vatn er lagt í til venju-legra heimilisnota, eru undanþegin vatnsskatti.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 500.00 fyrir venjuleg íbúðarhús. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, skal vatnsskattur fyrir hverja eigi vera lægri en kr. 500.00.

Ofan nefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

5. júlí 1965.

Nr. 157.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Laugardalshreppi í Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Laugardalshrepps.

Þetta er hér með birti til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

8. júlí 1965.

Nr. 158.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum og er stofnaður af ekkju hans, frú Irmu Weile Jónsson í tilefni af 65 ára afmælisdegi hans, hinn 8. júlí 1964.

Stofnfé sjóðsins eru tekjur af viðhafnarútgáfu kvæðisins „Hólar í Hjaltadal“ og nemur kr. 48 400.00 — fjörutíu og átta þúsund og fjögur hundruð krónur —.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja framúrskarandi nemendur, sem útskrifast úr Bændaskólanum á Hólum, til að leita sér frekari þekkingar og mennta, einkum með dvöl erlendis.